

Eining - Iðja

Ársreikningur 2006

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrsla	2
Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 26. apríl 2007	3 - 11
Áritun óháðs endurskoðanda	12
Áritun skoðunarmanna	13
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins	14
Yfirlit um efnahag félagsins	15
Rekstrarreikningur félagssjóðs	16
Efnahagsreikningur félagssjóðs	17 - 18
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs	19
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs	20
Rekstrarreikningur orlofssjóðs	21
Efnahagsreikningur orlofssjóðs	22
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs	23
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs	24
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs	25
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs	26
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs	27
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs	28
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur	29
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur	30
Rekstrarreikningur hússjóðs Ólafsfjarðar	31
Efnahagsreikningur hússjóðs Ólafsfjarðar	32
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-löju	33
Samandreginn rekstrareikningur	34
Samandreginn efnahagsreikningur	35
Sjóðstreymi	36
Skýringar og sundurliðanir	37 - 41
Fimm ára yfirlit	42

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löjja var stofnað þann 15 . maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löjja félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2006 voru 6.046.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri og Dalvík. Rekstri skrifstofunnar á Ólafsfirði var hætt á árinu og gerður þjónustusamningur við Sjómannafélag Ólafsfjarðar um þjónustu við félaga í Einingu-löjju á svæðinu.

Laun formanns á árinu námu kr. 5.490.775 og laun stjórnar kr. 1.109.000.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löjju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Akureyri, 22. mars 2007.

Stjórn

Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 26. apríl 2007

Mikil vinna fór í að endurskoða lög félagsins en á haustdögum ákvað stjórnin að fara í þá vinnu þar sem löggin voru orðin barn síns tíma. Skipuð var nefnd sem í sátu Matthildur Sigurjónsdóttir, Anna Júlíusdóttir og Guðrún Skarphédinsdóttir. Bragi Bergmann frá Fremri var fenginn til að vinna með nefndinni.

Haldnir voru fundir með stjórnnum starfsgreinadeilda og svæðisráða um málið áður en farið var í almenna fundi sem haldnir voru í febrúar á Dalvík, Ólafsfirði, Hrísey, Grenivík og Akureyri. Aukaaðalfundur var haldinn 5. mars sl. og voru þar samþykkt ný lög fyrir félagið.

Helstu breytingar á lögnum voru að þau voru gerð einfaldari, minna um upptalningar og skýrari mörk á verkþáttum þar sem deildum var fækkað í þrjár. Svæðisráðin lögð niður og í stað þess voru kosnir svæðisfulltrúar og varamaður hans. Þetta gerir það að verkum að t.d. aðalfundum í félaginu fækkar úr 10 í 4. Einnig var kjörtímabil stjórnar félagsins, stjórna deilda og svæðisfulltrúar breytt úr einu ári í tvö.

Tilgangur félagsins skv. nýju lögnum er:

- a) að sameina allt launafólk sem starfar á félagssvæðinu.
- b) að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna.
- c) að vinna að fræðslu- og menningarmálum

Félagið kappkostar að standa vörð um hagsmunamál allra þeirra sem starfa á félagssvæðinu og falla undir kjarasamninga Starfsgreinasambands Íslands og þá sérsamninga sem félagið gerir.

Inngöngu í félagið geta þeir fengið sem:

- a) Vinna þau störf sem falla undir kjarasamninga þeirra landssambanda sem getið er í 1. grein.
- b) Eru fullra 16 ára.
- c) Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan ASÍ.

Starfssvæði félagsins er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Ennfremur Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

Félagið í hnotskurn

Almenn starfssemi og þjónusta

Eftirtalinn fjöldi félagsmanna naut styrkja á árinu 2006:

Starfsmenntastyrkir	497
Sjúkrasjóður	1.189
Orlofshús og tjaldvagnar	528
Orlofsferðir og leiksýningar	270
Samtals	2.484

Lykiltölur	2006	2005
<i>Tekjur</i>		
Félagsgjöld	89.898.293	83.809.886
Sjúkrasjóðsgjöld	55.506.494	50.322.852
Orlofssjóðsgjöld	28.010.679	27.119.990
Fræðslusjóðsgjöld	6.399.532	5.280.256
Húsaleiga	11.885.755	10.879.469
Aðrar tekjur	2.201.400	2.058.530
Samtals tekjur	193.902.153	179.470.983
<i>Gjöld</i>		
Aðrar bætur og styrkir til félagsmanna	39.777.728	47.707.904
Rekstur og viðhald fasteigna	24.866.475	19.146.820
Rekstrarkostnaður	87.611.229	69.949.030
Samtals gjöld	152.255.432	136.803.754
Endurbætur á orlofshúsum	9.812.876	9.750.311
Fjármagnsliðir	21.577.937	9.829.977
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	53.411.782	42.746.895

Helstu styrkir úr félagssjóði starfsárið 2006-2007

Mæðrastyrksnefnd	350.000
Gjöf til Hjúkrunarheimilisins Hlíðar	185.000

Stjórn Einingar-löju starfsárið 2006 - 2007

Björn Snæbjörnsson, formaður

Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður

Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari

Anna Júlíusdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir, Eyþór Karlsson, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Marsibil Kristjánsdóttir, Sigríður K. Bjarkadóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Valdimar Gunnarsson, Þorsteinn J. Haraldsson hætti á miðju ári og Ingvar Kristjánsson tók við af honum.

Kjarasamningar starfsárið 2006 - 2007

Eftirfarandi samningar voru kynntir á stjórnarfundum síðasta árs:

Þann 22. maí 2006 var kynnt hækkun hjá FSA sem var samsvarandi hækkun og sveitarfélögin samþykktu í janúar 2006.

Þann 27. júní 2006 var lagt fram samkomulag um breytingar á kjarasamningum aðildarféлага ASÍ og SA, sem var undirritað þann 22. júní sl. Samkomulagið fól m.a. í sér 15.000.- kr. hækkun á kauptaxta frá 1. júlí 2006. Einnig var starfsmanni, sem var í starfi í júlíbyrjun 2006 og hafði starfað hjá sama atvinnurekanda frá júní 2005, tryggt að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma.

Persónuafsláttur einstaklinga hækki úr 29.029.- krónum í 32.150.- Þ.e.a.s. skattleysismörk hækka úr 79.000.- í 90.000.- og verði verðtryggt.

Á sama fundi var kynntur samningur vegna vinnu hjá heimaþjónustu Akureyrarbæjar og einnig stofnanasamningur við Vegagerðina.

Þann 17. október 2006 var lagður fram stofnanasamningur Við Menntaskólann á Akureyri vegna ræstingar, matræða, mötuneytis og þvottahúss.

Þann 19. desember 2006 var lagður fram samningur á milli Einingar-löju og Samtaka atvinnulífsins vegna starfa í fiskmjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Akureyri (Krossanes).

Þann 14. febrúar 2007 var lagður fram stofnanasamningur á milli Einingar-löju og Lundar rekstrarfélags vegna starfsmanna þeirra. Einnig stofnanasamningur á milli Einingar-löju og Verkmenntaskólans á Akureyri vegna matráðs og tveggja ræstingamanna.

Einnig hafa verið sagt frá gangi samningamála við Metrostav á nokkrum stjórnarfundum en það er fyrirtæki frá Prag sem er að vinna við Héðinsfjarðargöngin en það er samstarf á milli Einingar-löju og Vöku á Siglufirði. Allir starfsmenn þess eru Tékkar.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2006

	Fjöldi	Upphæð
<i>A) Sjúkradagpeningar</i>		
Dagpeningar vegna veikinda og slysa	131	24.270.539
Dagpeningar vegna langveikra barna	3	500.683
Dagpeningar vegna veikinda maka	2	475.951
Dagpeningar vegna veikinda og slysa	17	2.499.422
starfsmanna ríkis/sveitarfélaga	11	821.407
Dagpeningar vegna áfengisvanda		
<i>B) Dánarbætur</i>		
	25	2.260.000
<i>Bætur samtals</i>	189	30.828.002
<i>Styrkir til félagsmanna</i>		
Sjúkraþjálfun	502	3.831.154
Sjúkranudd	149	2.316.646
Krabbameinsleit	291	570.089
Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd	40	290.292
Aðrir styrkir	18	607.000
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	1.000	7.615.181
<i>Bætur og styrkir til félagsmanna úr ssj. 2006</i>	1.189	38.443.183

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2006-2007

Sigrún Lárusdóttir, Geirlaug Sigurjónsdóttir og Aðalbjörg Sigvaldadóttir
Varamenn Geir Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir og Lára Einarsdóttir.

Námskeið

Haldin voru trúnaðarmannanámskeið 1, 2 og 3 í samvinnu við Félag byggingamanna Eyjafirði og Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum. Mjög gott er að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin, þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum. **Alls sóttu á sjötta tug trúnaðarmanna námskeiðin.**

Haldið var námskeið fyrir starfsfólk Alþýðuhússins sem nefndist „Hvernig takast á við erfiða einstaklinga“. Það námskeið var mjög vel sótt og mun það nýtast starfsfólki mjög vel í framtíðinni.

Haldið var 1 námskeið fyrir dyraverði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. Hátt í 30 manns sóttu námskeiðin og tókust þau mjög vel. Um 240 dyraverðir hafa sótt námskeiðin á sl. fimm árum.

Haldið var öflugt námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samvinnu við Símei og ýmsa veitingastaði hér í bænum og sóttu það 55 manns.

Haldið var námskeið í sjálfsstyrkingu og sjálfsmati fyrir starfsmenn í grunnskólum.

Kynning á lögum um starfsmannaleigur var haldið með starfsfólki og trúnaðarmönnum í Alþýðuhúsinu

Önnur námskeið sem haldin hafa verið eru:

Jóla kortagerð - með 15 þátttakendum.

Jóla föndur - með 15 þátttakendum.

Auglýst voru flugunýtinganámskeið og briddsnámskeið en ekki fékkst næg þátttaka til að halda þau.

Landsmennt:

Á síðustu árum hefur aukist mjög að fólk fari á ýmis námskeið sér til gagns og gamans, vegna vinnunnar, til sjálfstyrkingar og tómstundanámskeið. Þetta hefur verið gert auðveldara eftir að starfsmenntasjóðurinn Landsmennt var stofnaður. Alls sóttu 497 einstaklingar, 311 konur og 186 karl, um einstaklingsstyrki úr sjóðinum árið 2006 samtals að upphæð kr. 13.372.057. Ferðakostnaður er 27,46% af þeirri upphæð.

Aldursdreifing styrkþega í Landsmennt:

31 manns á aldrinum 17-20 ára, 153 á aldrinum 21-30 ára, 95 eru 31-40 ára, 106 eru 41-50 ára, 86 á aldrinum 51-60 ára og 26 eru á aldrinum 61-70 ára.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga	51
Stöðupróf í íslensku fyrir útlendinga	4
Tölvunám/námskeið	30
Aukin ökuréttindi	22
Náms- og kynnisferðir	85
Tungumálanám (enska, spænska o.fl.)	26
Framhaldsnám (einnig fjarnám)	22
Háskólanám (einnig fjarnám)	32
Starfsnám	146
Annað	4
Tómstundanámskeið	75

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almennir starfsmenn	293
Sveitafélagsstarfsmenn	194
Ríkisstarfsmenn	10

Tengiliður við Landsmennt og Ríkismennt er Brynja Skarphéðinsdóttir og hefur hún einnig umsjón með þeim námskeiðum sem félagið heldur.

Orlofsmál

Á árinu 2006 voru 17 og hálftr orlofshús og þrjár íbúðir í eigu félagsins. Sjúkraíbúðin í Reykjavík er ekki inn í þessu. Félagið tók á leigu fjögur og hálftr orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið og í Kaupmannahöfn til viðbótar, einnig greiddi félagið út orlofsstyrki sem við köllum "vika að eigin vali".

Vetrarleiga hefur verið nokkur og hefur aukist ár frá ári en mætti vera meiri.

Búið er að setja upp heita potta við öll húsin á Illugastöðum, tvö hús á Einarstöðum og við húsið okkar í Tjarnargerði.

Íbúðirnar okkar í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja. Til að auka framboðið leigðum við íbúð í samvinnu við FBE og aðra til viðbótar af P.A.B. Fasteignafélagi ehf.

Nýting orlofshúsa 2006:

	sumarvikur	sumarhelgar	vetrarvikur	vetrarhelgar
Illugastaðir (4)	36	19		105
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	9			
Einarstaðir (1)	12	1	2	4
Svignaskarð (1)	15		3	18
Tjarnargerði (0.55%)	5		1	15
Reykjavík (3,5)	51		69	30
Egilsstaðir (1)	13		1	2

Félagið var með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum:

Einarstaðir (2)	20			
Munaðarnes/Stóruskógar (3)	30			
Klifabotn í Lóni (1)	11	1		
Brekkuskógur (2)	24			
Ölfusborgir (1)	10			
Úlfjótuvatn (1)	9			

Húsnæði sem félagið leigði:

Garðshorn	9			
Súðavík	8			
Kaupmannahöfn	12	1		

"Vika að eigin vali" 92 eða alls kr. 1.114.687.-

Nú í sumar er félagið með tvær íbúðir í Kaupmannahöfn.

Orlofsferðir og leiksýningar

Félagið stóð fyrir þremur ferðum sumarið 2006:

50 fóru í orlofsferð til Þýskalands, Austurríkis og Ítalíu

40 fóru í ferð um Snæfellsnes

Að síðustu fóru svo 90 manns í eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn til Siglufjarðar, á Hofsós og Hóla og fl.

Félagið bauð í fyrsta sinn eldri félagsmönnum á leiksýningu og mun það verða árlegur viðburður héðan í frá. Rúmlega 90 manns fóru og sáu sýninguna "Síldin kemur síldin fer" sem Leikfélag Hörgdæla sýnir. Fyrir sýningu var boðið upp á kaffihlaðborð í Þelamerkuskóla.

Atvinnuleysisbætur

Nokkur fjöldi félagsmanna Einingar-löju hefur verið atvinnulaus á árinu 2006, eða 459, en jákvæðu fréttirnar eru þær að þetta er fækkun um 162 einstaklinga á milli ára. Þetta er skref í rétta átt en enn er atvinnuleysi hærra í okkar röðun en á árinu 2000 þegar 409 félagsmenn voru skráðir atvinnulausir einhvern tíma á árinu, en þó mun betri tölur en árið 2003 þegar talan var 741.

Alls komu inn á atvinnuleysisráð 459 félagsmaður á árinu 2006, 179 karlar og 280 konur. Sambærilegar tölur fyrir árið 2005 eru 621, 295 karlar og 326 konur. Árið 2004 voru 715 félagsmenn atvinnulausir einhvern tíma á árinu, 367 karlar og 348 konur. Sambærilegar tölur fyrir árið 2003 eru 741, 385 karlar og 356 konur. Árið 2002 voru alls skráðir 671 félagsmaður, árið 2001 alls 744 og árið 2000 voru 409 félagsmenn atvinnulausir einhvern tíma á árinu.

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. janúar 2007 voru kr. 5.270 fyrir hvern virkan dag, eða um það bil kr. 114.214 á mánuði að meðaltali

Fundir hjá félaginu

Stjórn Einingar-löju hélt 12 stjórnarfundi á starfsárinu.

Margt var tekið fyrir á þessum fundum m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Trúnaðarráð hélt þrjú fundi á starfsárinu. Þar var m.a. fjallað um inntökubeiðni í félagið, uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og fulltrúa á ársfund Alþýðusambands Íslands. Á öllum trúnaðarráðsfundum er haldið erindi.

Samstarf á breiðum grunni um lækun matvælaferðs á Íslandi" Stefán Úlfarsson hagfræðingur ASÍ fór yfir tillögur ASÍ í matvælanefndinni o.fl.

Erindi frá Alþjóðastofu, Anna Guðný Guðmundsdóttir fór yfir starfsemi stofunnar

Miklar umræður urðu um útlendinga hér á landi og aðstæður þeirra og aðbúnað.

Magnús Þór Ásgeirsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sagði frá hvað er að gerast í uppbyggingu atvinnumála á svæðinu.

Bjarni Jónasson verkefnisstjóri vaxtarsamnings Eyjafjarðar fjallaði um hvað er vaxtarsamningur, hverju hefur hann skilað og hvað er framundan.

Uppstillinganefnd kom saman einu sinni og gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Fundir á svæðum utan Akureyrar

Almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar í mars þar sem kosnir voru svæðisfulltrúar og varasvæðisfulltrúi eftir nýju lögum félagsins.

Helstu þættir í reglugerð um svæðisfulltrúa.

Á fjórum þéttbýlisstöðunum utan Akureyrar, þ.e. á Ólafsfirði, í Dalvíkurbyggð, í Hrísey og Grýtubakkahreppi, skal kosinn sérstakur svæðisfulltrúi, einn á hverjum stað og annar til vara.

Svæðisfulltrúi er í kjöri fyrir hönd síns svæðis í stjórn félagsins skv. ákvæðum 22.gr. laga þess. Varamaður svæðisfulltrúa tekur við störfum hans í stjórn félagsins ef svæðisfulltrúinn forfallast um lengri tíma af einhverjum orsökum. Varamaður svæðisfulltrúa er sjálfkjörinn í trúnaðarráð félagsins.

Svæðisfulltrúa og varamann hans skal kjósa til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi á viðkomandi þéttbýlisstað. Sá fundur skal haldinn fyrir 1. mars og skal boðaður með a.m.k. viku fyrirvara og auglýstur á öllum helstu vinnustöðum félagsmanna á svæðinu. Fyrst skal kjósa svæðisfulltrúa og að því loknu varamann hans. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í báðum tilvikum.

Verkefni svæðisfulltrúa eru:

Að boða að lágmarki til eins almenns fundar á hverju starfsári.

Að hafa frumkvæði að frekari fundarhóldum á staðnum ef þurfa þykir.

Svæðisfulltrúi hefur eftirlit með að trúnaðarmenn séu kosnir eða skipaðir á vinnustöðum svæðisins.

Félagsstjórn getur falið svæðisfulltrúa að vinna ákveðin verkefni í sínu umboði.

Aðalfundir starfsgreinadeilda

Aðalfundir starfsgreinadeildanna voru allir haldnir þann 15. mars sl. og var sama fyrirkomulag á fundunum eins og á síðasta ári. Allir fundirnir byrjuðu á sama tíma á sama stað, en var síðan skipt upp. Er það mál manna að þetta sé gott fyrirkomulag.

Í upphafi flutti Kristján Magnússon sálfræðingur erindi hann kom víða við í erindi sínu og fjallaði meðal annars um réttlæti, virðingu og siðfræði í þjóðfélaginu til dæmis gagnvart fyrirtækum og/eða starfsmönnum.

Eftir þetta erindi var fundarmönnum skipt niður eftir deildum í hina ýmsu sali í Alþýðuhúsinu.

Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Að meðaltali hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir á ári í starfsgreinadeildunum.

Helstu atriði í reglugerð starfsgreinadeilda

Trúnaðarráð ákveður stofnun starfsgreinadeilda innan félagsins. Aðild starfshópa að hverri starfsgreinadeild skal skilgreind með upptalningu.

Í stjórnnum starfsgreinadeilda skulu vera 9 aðalmenn sem sitja alla stjórnarfundir deildanna. Ekki skal kjósa varamenn. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára sem hér segir: Annað árið formann, ritara og þrjá (3) meðstjórnendur en hitt árið varaformann og þrjá (3) meðstjórnendur. Aðalfund hverrar starfsgreinadeildar skal halda fyrir 1. apríl ár hvert.

Starfsgreinadeildirnar skulu eiga fjóra fulltrúa í stjórn félagsins eins og nánar er kveðið á um í 13. gr. og 22. gr. laga félagsins.

Starfsgreinadeildir vinna að sérmálum þeirra starfsgreina, sem þær taka til, og vinna að undirbúningi og gerð sérsamninga þeirra í nánú samstarfi við stjórn og samninganefnd félagsins.

Starfsgreinadeildir tilnefna þann fulltrúafjölda í trúnaðarráð og samninganefnd félagsins, sem stjórn félagsins heimilar.

Formaður starfsgreinadeildar kveður til stjórnarfundar í viðkomandi deild og stjórnar þeim. Hann metur hvenær þörf sé á að halda fund en auk þess er honum skylt að boða stjórn deildarinnar til fundar, ef a.m.k. þrjú stjórnarmenn óska eftir því og tilgreina fundarefni. Skal fundargerð lögð fram til samþykktar í byrjun næsta fundar á eftir.

Starfsgreinadeildirnar tilnefna fulltrúa á fundi hlutaðeigandi sviða Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Formenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins svo og varaformaður stærstu deildarinnar.

Varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Fundir og ársfundir

Ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn í október sl. Eining-löja átti 11 fulltrúa á fundinum.

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Norðurlands var haldinn 9. mars sl. í Reyrihlíð í Mývatnssveit félagið átti rétt 30 fulltrúum á fundinn. Eftir aðalfund LN var haldinn stofnfundur hins sameina sjóðs Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands sem hlaut nafnið Stapi lífeyrissjóður og er félagssvæði hans frá Hrútafirði til og með Hornafirði. Eining-löja mun alltaf eiga aðalmann í stjórn þessa sjóðs.

Fjölgað hefur fundum með erlendum starfsmönnum og eru þeir á síðasta starfsári ekki færri en 20. Stærstu fundirnir voru með starfsmönnum við Héðinsfjarðargöngum í samstarfi við Vöku á Siglufirði.

Margir aðrir fundir voru haldnir t.d. vinnustaðafundir og fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

Framkvæmdir hjá félaginu

Framkvæmdir á vegum félagsins voru aðallega á Illugastöðum, þar sem tvö hús voru endurbætt. Nú er búið að setja heita potta við öll húsin okkar á Illugastöðum og stækka alla palla þar. Hitaveita er komin í öll hús á Illugastöðum Verið er að leggja hitaveitu í öll húsin.

Á starfsárinu voru settir heitir pottar við hús félagsins á Einarstöðum og í Tjarnargerði. Samþykkt var að endurbyggja Tjarnargerði og á þeim framkvæmdum að ljúka í síðasta lagi 15. júní nk. Ennfremur verður farið í almennt viðhald annarsstaðar.

Unnið hefur verið við breytingar á skrifstofuhúsnæði félagsins á Akureyri og er þeim nú að mestu lokið.

Kynnisferð

Þrír fulltrúar félagsins fóru í kynnisferð til Brussel ASÍ skipulagði þessa ferð.

Þjónusta á skrifstofum félagsins

Álagið á skrifstofum félagsins var mikið, eins og oft áður, og þá einkum að svara fyrirspurnum félagsmanna varðandi kaup og kjör og hefur það vaxið mjög undanfarin fimm ár og er greinilegt að fólk er áhugasamara nú en áður um rétt sinn. Einkum er það unga fólkið sem er að skila sér og tel ég að það sé afleiðing af fræðslustarfinu sem félagið hefur beitt sér fyrir í tíundabekkjum grunnskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu. Einnig hefur verið farið með fræðslu í Verkmenntaskólann á Akureyri en á hverju ári hittum við um 1.000 ungmenni á þessum kynningum. Þá hefur mikið mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga.

Nokkuð er um að ný lög um fæðingarorlof hafi ekki skilað sér nægilega vel til launþega og ekki síst til atvinnurekenda.

Því miður koma upp á hverju ári mál er varða einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og eru þessi mál þau erfiðustu sem starfsmenn félagsins koma að.

Einnig eru nokkuð mörg mál í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum hjá fyrirtækjum.

Á Akureyri var hringt inn síðastliðna 12 mánuði 16.002 símtöl, þ.e.a.s. 1,336 á mánuði eða 62 símtöl að meðaltali á dag. Á Dalvík og Ólafsfirði alls 1.513 símtöl þ.e.a.s. 126 á mánuði eða tæplega 6 símtöl að meðaltali á dag. Aukningin milli ára er 5%.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið stendur fyrir og er heilmikið notuð. Á árinu 2006 voru keyptir miðar í göngin hjá félaginu fyrir rúmar 6,5 milljónir. Þarna er um að ræða töluverðan sparnað að ræða fyrir félagsmenn, því ef þeir hefðu keypt miðana við göngin þá hefðu þeir þurft að borga rúmlega 4,3 milljónum meira fyrir miðana en þetta eru um 11.000 miðar sem eru nær tveir miðar á hvern félagsmann.

Á árinu 2005 spöruðu Einingar-löjufélagar sér 2,8 milljónir með því að kaupa miðana hjá félaginu og á árinu 2004 var sparnaðurinn 1,5 milljón krónur. Því er greinilegt að sífellt fleiri notfæra sér þessa þjónustu félagsins.

Útgáfa og kynningarmál

Félagið gaf út fjögur blöð á árinu. Samkvæmt venju kom út orlofsblað, sumarblað og desemberblað, en einnig kom út blað í tilefni 100 ára afmælis samfellds starfs verkalýðsfélaga við Eyjafjörð. Það blað, ásamt sumarblaði og desemberblaði voru borin út í öll hús á félagssvæðinu í rúmlega 10.000 eintökum og hefur það mælst vel fyrir. Kynningarþjónustan Fremri hefur unnið blaðið eins og undanfarin ár.

Heimasíða félagsins, ein.is, var vel virk á árinu enda var fenginn aðili til að sjá um hana þ.e. Kynningarþjónustan Fremri og er nú reynt að birta allar nýjustu fréttir frá félaginu. Í lok janúar var heimasíðan skráð í virka vefmælingu hjá Modernus, sem er fyrirtæki sem sér m.a. um að fylgjast með heimsóknum á heimasíðunni. Nú getum við fengið ítarlegar upplýsingar um hversu margir einstaklingar heimsækja vefinn, hve lengi þeir dvelja á hverri síðu vefsins, meðalinnitíma á sólarhring, hvaðan þeir koma - auk fjölda annarra nytsamra upplýsinga. Vikulegar flettingar á síðunni hafa farið í um 3.000, á bak við þær flettingar voru um 500 notendur. Til gamans má nefna að svo virðist sem flestir heimsækja heimasíðuna síðuna á þriðjudögum, hvers vegna það er vitum við ekki!

Greinilegt er að margir nýta sér þá þjónustu sem heimasíðan býður upp á og ekki bara á Íslandi. Við höfum fengið heimsóknir frá 15 þjóðum fyrir utan Ísland, t.d. Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Hollandi, Sviss, Spáni, Bretlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum og einnig frá Kína á þeim stutta tíma sem síðan hefur verið í virkri vefmælingu.

Nú er einnig auðvelt að fylgjast með þegar ný frétt er sett inn á heimasíðuna okkar, því hægt er að skrá sig á póstlista félagsins. Það eina sem þarft að gera er að smella á hnappinn Skráning á póstlista sem er á forsíðu heimasíðunnar.

Félagatal:

Ár	Heildarfjöldi	Aðalfélagar	Aukafélagar
2006	6.669	6.050	619
2005	5.518	4.930	588

Félagatal Svæðisráð

2006	1281	1147	134
2005	1078	971	107

Félagatal starfsgreinadeildir

	2006	2005	2004
Opinbera deildin	1.694	1.448	1.662
Matvæla- og þjónustudeild	2.263	1.795	2.138
Iðnaðar- og tækjadeild	1.153	835	1.125

Inn í tölum 2004 eru gjaldfrír. Gjaldfrír eru ekki með í tölunni 2005 og 2006, en það ár eru þeir 940 talsins. Félagsmönnum hefur fjölga á milli ára um 20,86%.

Félagsgjald:

Félagsgjald er 1,30% af öllum launum, sem skiptist þannig að 1% fer í félagssjóð, 0,25% í vinnudeilusjóð og 0,05% í fræðslumál.

Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Þjónusta félagsins í Ólafsfirði

Sjómannafélag Ólafsfjarðar annast þjónustu við félagsmenn okkar í Ólafsfirði þetta hefur gengið vel og sýnir okkur hvað það er rétt þegar félög ná saman um að veita þjónustu fyrir önnur félög Þessi þjónusta byggir á að þeir eru með samninga, umsóknir og ekki gleyma miðunum í Hvalfjarðargöngin.

Starfsmenn:

Sömu starfsmenn voru hjá félaginu árið 2006 og árið á undan. Þ.e. Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir, Þorsteinn E. Arnórsson og Íris Árnadóttir, auk þess kom inn í afleysingar Ester Emilsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til félagsmanna og stjórnar Einingar - Iðju.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar - Iðju fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag, rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir félagssjóð, vinnudeilusjóð, sjúkrasjóð, orlofssjóð, fræðslusjóð, byggingarsjóð, hússjóð Dalvíkur, hússjóð Ólafsfjarðar og skrifstofu, samandreginn rekstrar- og efnahagsreikning og skýringar ásamt 5 ára yfirliti.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Akureyri, 24. apríl 2007

PricewaterhouseCoopers hf.

Davíð Búi Halldórsson
lögiltur endurskoðandi.

Áritun skoðunarmanna

